



Lífsviðhorf Evrópubúa

Ágæti viðtakandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt hópi sérfræðinga á sviði félagsvísinda frá Háskóla Íslands standa um þessar mundir fyrir evrópskri viðhorfakönnun meðal almennings á Íslandi. Könnunin nær til rúmlega 2.000 manna tilviljunarúrtaks fólks 15 ára og eldra af öllu landinu. **Nafn þitt kom upp í úrtakinu og með þessu bréfi óskum við eftir því að þú takir þátt í könnuninni.**

Könnunin ber heitið European Social Survey (ESS) og er gerð í yfir 20 öðrum löndum. Meginmarkmið er að skoða lífshætti og viðhorf almennings til ýmissa atriða s.s. stjórnmála, réttssýni og sanngirni í launamálum, stöðu fólks á vinnumarkaði og tímasetninga í lífskeiði. Könnunin mun gefa einstakt tækifæri til að meta viðhorf Íslendinga í fjölbjódlegu samhengi og getur því stuðlað að mun upplýstari umræðu um þjóðfélagsleg efni og menningu þjóðarinnar. Að könnun lokinni verða gögnin aðgengileg rannsakendum í gegnum gagnabanka hjá Hinni norsku miðstöð rannsóknargagna (Norsk senter for forskningsdata, NSD). Engar persónugreinanlegar upplýsingar verður þar að finna.

Könnunin er **nafnlaus** og ekki verður hægt að rekja svör til einstaklinga. **Farið verður með öll gögn í samræmi við ný persónuverndarlög.** Þótt þér sé að sjálfsgöðu ekki skylt að taka þátt er afar brýnt að sem flestir svari, þannig að könnunin endurspegli sem best ólík viðhorf Íslendinga. **Svar þitt skiptir því afar miklu máli.**

Á næstu vikum mun spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar heimsækja þig og óska eftir þátttöku þinni. Ef þér hentar ekki að taka þátt á þeim tíma sem spyrillinn kemur mun hann koma aftur á þeim tíma sem hentar þér best. Spyrillinn mun svo spyrja þig spurninga sem snerta ofangreind málefni og skrá svör þín. Við reiknum með að viðtalið geti tekið um það bil klukkustund. Í þakklætisskyni munu allir sem taka þátt í könnuninni eiga möguleika á að vinna í happdrætti að lokinni rannsókninni. Fyrsti vinningur er **100.000 kr.** gjafabréf í búið að eigin vali en að auki er dregið um **tíu** gjafabréf að upphæð **25.000 kr.** hver.

Verkefnisstjóri könnunarinnar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er Árni Bragi Hjaltason (sími 525-5183). Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um einhver atriði sem snerta könnunina er þér velkomið að hafa samband við Árna eða hringja í aðalúmer Félagsvísindastofnunar (sími 525-4545). Einnig má finna upplýsingar um könnunina á alþjóðlegri heimasíðu könnunarinnar: www.europeansocialsurvey.org.

Með fyrirfram þökk og von um góðar viðtökur,

Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ

Dr. Sigrún Ólafsdóttir,
prófessor í félagsfræði við HÍ og
verkefnisstjóri ESS á Íslandi



Lífsviðhorf Evrópubúa

Til foreldra/ forráðamanna

Nafn þess er erindið varðar: «Nafn»

Efni bréfs: Samþykki fyrir þátttöku í könnun

Ágæti viðtakandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands stendur um þessar mundir fyrir evrópskri viðhorfakönnun meðal almennings á Íslandi. Könnunin ber heitið European Social Survey (ESS) og er gerð í yfir 20 öðrum löndum. Meginmarkmið er að skoða lífshætti og viðhorf almennings til ýmissa atriða s.s. stjórn mála, réttisýni og sanngirni í launamálum, stöðu fólks á vinnumarkaði og tímasetninga í lífsskeiði. Könnunin mun gefa einstakt tækifæri til að meta viðhorf Íslendinga í fjölþjóðlegu samhengi og getur því stuðlað að mun upplýstari umræðu um þjóðfélagsleg efni og menningu þjóðarinnar. Að könnun lokinni verða gögnin aðgengileg rannsakendum í gegnum gagnabanka hjá Hinni norsku miðstöð rannsóknargagna (Norsk senter for forskningsdata, NSD). Engar persónugreinanlegar upplýsingar verður þar að finna.

Könnunin nær til rúmlega 2.000 manna tilviljunarúrtaks fólks 15 ára og eldra af öllu landinu. Þeir sem ekki hafa náð 18 ára aldri eru undir sjálfræðisaldri og því þarf samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þátttöku þeirra í könnuninni. **Nafn sonar þíns/dóttur þinnar kom upp í úrtakinu og með þessu bréfi óskum við eftir samþykki þínu fyrir því að hann/hún megi taka þátt í könnuninni. Ef þú samþykkir ekki þátttöku ert þú vinsamlegast beðin/n að hafa samband við Félagsvísindastofnun í síma 525-4545 eigi síðar en föstudaginn 11. október 2019.**


Ef við heyrum ekki frá þér gerum við ráð fyrir að þú samþykkir þátttöku og mun þá spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar heimsækja son þinn/dóttur þína á næstu vikum og óska eftir þátttöku hans/hennar. Ef hann/hún samþykkir þátttöku mun spyrillinn spyrja hann/hana spurninga sem snerta ofangreind málefni og skrá svör. Við reiknum með að viðtalið geti tekið um það bil klukkustund. Í þakklætisskyni munu allir sem taka þátt í könnuninni eiga möguleika á að vinna í happdrætti að lokinni rannsókninni. Fyrsti vinningur er **100.000 kr.** gjafabréf í búið að eigin vali en að auki er dregið um **tíu** gjafabréf að upphæð **25.000 kr.** hver.

Könnunin er **nafnlaus** og ekki verður hægt að rekja svör til einstaklinga. **Farið verður með öll gögn í samræmi við ný persónuverndarlög.** Þótt syni þínum/dóttur þinni sé að sjálfsögðu ekki skylt að taka þátt er afar brýnt að sem flestir svari, þannig að könnunin endurspegli sem best ólík viðhorf Íslendinga.

Verkefnisstjóri könnunarinnar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er Árni Bragi Hjaltason (sími 525-5183). Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um einhver atriði sem snerta könnunina er þér velkomið að hafa samband við Árna eða hringja í aðalnúmer Félagsvísindastofnunar (sími 525-4545). Einnig má finna upplýsingar um könnunina á alþjóðlegri heimasíðu könnunarinnar: www.europeansocialsurvey.org.

Með fyrirfram þökk og von um góðar viðtökur,


Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ


Dr. Sigrún Ólafsdóttir,
prófessor í félagsfræði við HÍ og
verkefnisstjóri ESS á Íslandi